

(B. VIII, 3).

Nd.

47. Breytingartillaga

við frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (þskj. 30).

Frá Sveini Ólafssyni og Tryggva Þórhallssyni.

1. gr. frv. orðist svo:

Þingfararkaup alþingismanna, sem búsettir eru í Reykjavík, skal vera 10 kr. um dag hvern, en 12 kr. fyrir þá, sem annarsstaðar eru búsettir. Þingfararkaup greiðist jafnt fyrir þann tíma, sem á þingi er setið og þann, sem gengur til ferða heiman til þings og heim af þingi.

Þingmenn, sem njóta eftirlauna eða biðlauna úr ríkissjóði eða frá annari ríkisstofnun, fá ekkert þingfararkaup, nema að því leyti, sem föst laun þeirra

með dýrtíðaruppbót ná ekki, eftir framansögðu, 10 eða 12 kr. á dag á ári því, sem yfir stendur. Starfsmenn ríkisins, sem á þingi sitja og búsettir eru í Reykjavík, skulu heldur eigi þingfararkaup taka framar því, sem nú var talið, nema þeir sanni, að föst laun þeirra með dýrtíðaruppbót gangi að öllu til þess að kosta rekstur embættisins eða starfans meðan þeir sitja á þingi.